

Ársskýrsla SOS Barnaþorpanna 2021





Inngangur	3
Frá framkvæmdastjóra	4
Árið í hnottskurn	5
Mánaðarlegir styrktaraðilar	6
Heimstaden	9
Annar stuðningur	10
Fraeðslumál	12
Fjármál	14
SOS fólkid á Íslandi 2021	17

Inngangur

SOS Barnaþorpin eru fyrst og fremst barnahjálp sem veitir munaðarlausum og yfirgefnum börnum staðgengil fyrir þá fjölskyldu sem þau hafa misst. SOS Children's Villages eru stærstu óháðu hjálparsamtök heims sem einblína á börn án foreldraumsjár og jafnframt á ósjálfbjarga barnafjölskyldur. Samtökin voru stofnuð í Austurríki í kjölfar seinni heimsstyrjaldarinnar árið 1949 af Hermann Gmeiner. Starfsemin á Íslandi hófst árið 1989 og felur eingöngu í sér fjáröflun og þjónustu við styrktaraðila hér á landi.

Frá stofnun SOS er áætlað að starf samtakanna hafi með beinum og óbeinum hætti haft jákvæð áhrif á líf 13 milljóna manna. SOS hefur með beinum hætti hjálpað fjórum milljónum barna frá upphafi og haft þannig einnig jákvæð áhrif á líf 9 milljóna afkomenda þeirra. Með því að stöðva hringrás aðskilnaðar hafa þessi börn alið af sér aðra kynslóð barna sem nýtur góðs af starfi samtakanna.

Umfang starfseminnar

SOS Barnaþorpin starfa í 137 löndum, óháð stjórnámum og trúarbrögðum. Hjálpin nær til yfir einnar milljónar barna, ungmenna og fullorðinna í gegnum meira en tvö þúsund verkefni. Aðaláhersla samtakanna er á að börn þrífast best í fjölskylduumhverfi við ást og umhyggju foreldra eða umsjónarfólks, ásamt systkinum sínum á stað sem þau geta kallað heimili.

Samtökin hafa beina umsjá með 65.600 börnum og ungmennum allan sólarhringinn og reka alls 568 barnaþorp og sambærileg umönnunarúrræði. SOS Barnaþorpin reka einnig fjölda leikskóla, grunnskóla, verknámsskóla, ungmennaheimila, heilsugæslustöðva auk þess að sinna neyðar-, þróunar- og mannúðaraðstoð.

© SOS Barnaþorpin
Hamraborg 1, 200 Kópavogi
Sími: 564-2910
Netfang: sos@sos.is

Umsjón og ritstjórn: Hans Steinar Bjarnason
Tölulegar upplýsingar: Rakel Lind Hauksdóttir
Ljósmyndir: SOS Children's Villages og SOS Barnaþorpin á Íslandi
Prófarkarlestur: Ragnar Ingi Aðalsteinsson
Umbrot og hönnun: iSpeculate.net - Halldór Elías Guðmundsson

Frá framkvæmdastjóra

Árið var 2021. Seinna Covid árið, ef svo má að orði komast. Ársins verður hvorki minnst sem árs stórsigra eða áfalla í rekstri SOS Barnaþorpanna á Íslandi. Árið var heldur tíðindalítið hvað það varðar. Kannski má segja að orðin *stöðugleiki* og *innri styrking* lýsi rekstrarárinu einna best.

Stöðugleiki í framlögum. Stöðugleiki í fjölda styrtaraðila. Stöðugleiki í starfsmannahópnum.

Á árinu tók endurskoðunarfyrirtækið KPMG starfsemi okkar út, með það fyrir augum að komast að fjárhagslegri hæfni samtakanna. Það var Utanríkisráðuneytið sem bað um úttektina til að meta hvort við værum hæf til frekara samstarfs á sviði þróunarverkefna í fátækustu ríkjum heims. Úttektin, sem leiddi til enn betri stjórnarháttar innanhúss, kom vel út og varð til þess að ráðuneytið bauð SOS rammasamning um framkvæmd þróunarverkefna 2022 til 2024.

Á alþjóðasviðinu gerðist það helst að mikil hreinsun átti sér stað þegar bæði forseti og varaforseti alþjóðasamtakanna hættu og mikil endurnýjun átti sér stað í alþjóðastjórninni. Urðu þessar breytingar í kjölfar afhjúpana á því að yfirstjórnendur höfðu ekki staðið sig sem skyldi og m.a. látið undir höfuð leggjast að rannsaka ásakanir um brot gegn börnum og jafnvel haldið hlífisskyldi yfir meintum gerendum. SOS Barnaþorpin á Íslandi tóku virkan þátt í þessum afhjúpunum og líta framtíðina björtum augum.

Á árinu fjölgæði íslenskum SOS foreldrum og barnaþorpsvinum um 21 og stóð fjöldi þeirra því nánast í stað. Heildartekjur samtakanna drögust saman um tæpt eitt prósent, sem skýrist aðallega af tvennu; árið 2020 fórum við í stóra fjároflun sem ekki var endurtekin 2021 og einnig drögust opinber framlög nokkuð saman á milli ára.

Af 669 milljóna króna tekjum sendum við 82% úr landi til þeirra barna, þorpa og verkefna sem styrktaraðilar og stjórn samtakanna hafa ákveðið að styðja. 18% fóru í að halda úti starfsemi okkar hér á landi, þ.e.a.s. að þjónusta styrktaraðila og afla fjár.

Hér í þessari ársskýrslu gefur að líta nokkrar tölur úr ársreikningi samtakanna, en ársreikningurinn í heild sinni er birtur á vefsíðu okkar sos.is.

Óskir þú enn frekari upplýsinga en fram koma í ársskýrslu og ársreikningum er þér alltaf velkomíð að hafa samband við okkur á skrifstofu samtakanna í síma 564 2910 eða í netfangið sos@sos.is.

Með hjartans þökk fyrir stuðninginn við börnin.

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Ragnar Schram".

Ragnar Schram

Framkvæmdastjóri SOS Barnaþorpanna á Íslandi

Árið í hnotskurn



Fjárlöfun á pari við 2020

21.523 einstaklingar og 696 fyrirtæki styrktu SOS Barnaþorpin á Íslandi á árinu 2021, ýmist með mánaðarlegum framlögum, stökum eða bæði. Þetta er heildarfækkun um 8.696 einstaklinga og fyrirtæki frá árinu áður og skýrist það að mestu leyti af því að ekki var endurtekin stórtæk fjárlöfun í formi úthringinga frá árinu 2020. Þrátt fyrir þessa fækkun þá hækkuðu heildarframlög Íslendinga um tæpt eitt prósent frá fyrra ári sem þýðir að styrktaraðilar greiddu hærri fjárhæðir en áður.

Þess ber þó að geta að heildartekjur samtakanna drögust saman um tæpt eitt prósent en þá hefur verið tekið tillit til opinberra framlaga, húsaleigu-, vaxta- og fjármagnstekna og gengishagnaðar.

Að meðöldum fjármagnstekjum námu heildarframlög ársins samtals um 669,4 milljónum króna og byggir sú fjárhæð að mestu leyti á framlögum frá almenningi eða 83%. Stærsti hluti af framlögum til SOS á Íslandi kemur frá SOS-foreldrum og Barnaþorpsvinum sem við sendum til barnaþorpa í 107 löndum. Lækkun heildartekna nam aðeins um 4,3 milljónum króna milli ára sem verður að teljast ásættanlegt í miðjum heimsfaraldri.

Sem fyrr voru stök framlög eins og valkröfur stór hluti heildarframlaga auk sölu á jóla-, minningar- og gjafakortum. Þá ber að nefna tvær erfðagjafir sem samtökunum barst að upphæð samtals 9,3 milljóna króna. Börn styrktu SOS með ágóða af skemmtilega fjölbreyttum fjárlunarleiðum sem fyrr og er alltaf ánægjulegt að verða vitni af því hvað íslenskum börnum er umhugað um jafnaldra sína sem búa við aðrar aðstæður annarsstaðar í heiminum.

Af heildartekjum ársins var rekstrarkostnaður innanlands aðeins 17,6% sem er vel fyrir neðan viðmið okkar um 20% þak á rekstrarkostnaði. Þetta þýðir að á árinu 2021 runnu 824 krónur af hverju eitt þúsund króna framlagi í sjálft hjálpstarfið.

Mánaðarlegir styrktaraðilar

SOS-foreldrar

Til eru ýmsar leiðir til að styðja við starf SOS Barnaþorpanna en sú þekktasta er án efa styrktarforeldraleiðin *SOS-foreldri*. Það er sem fyrr langfjölmennasti hópurinn af þremur sem teljast til mánaðarlegra styrktaraðila, þ.e. þeirra sem hafa skuldbundið sig til mánaðarlegra greiðslna. Þeir greiða mánaðarlega upphæð, 3.900 krónur að lágmarki, sem gerir samtökunum kleift að veita umkomulausu barni fjölskyldu á ástríku heimili í barnaþorpi eða sambærilegu heimili. SOS-foreldrar fá bréf tvisvar á ári frá barnaþorpinu sem styrktarbarnið býr í. Í öðru bréfinu er mynd af barninu og persónulegar upplýsingar um það en í hinu bréfinu eru almennar myndir og fréttir af lífinu í barnþorpinu.

Börnin sem eiga styrktarforeldra búa flest í SOS barnaþorpu. Þau stunda nám og fá öllum grunnþörfum sínum mætt. Mikil áhersla er lögð á að heimilin séu laus við allan stofnanabrag en hvert heimili er athvarf einnar fjölskyldu, rétt eins og flest mannleg samfélög vilja hafa hlutina sem heimilislegasta. Í hverri SOS fjölskyldu eru oftast sex til tíu börn á mismunandi aldri og af báðum kynjum. Öll börnin eiga því nokkur systkini. Höfuð fjölskyldunnar er SOS- módirin eða faðirinn sem hefur hlotið menntun í að sinna börnum sem mörg hver hafa upplifað miklar hörmungar. SOS-mamman/pabbinn sér um að börnin búi við öryggi, umhyggju og ást. Enn sem komið er eru SOS mæður í meirihluta en SOS feðrum er sifellt að fylgja. Börnin sækja skóla í nágrenninu eða skóla sem samtökum hafa reist og eru viðurkenndir af yfirvöldum hvers lands.

SOS-fjölskyldur utan barnaþorpa

Undanfarin ár hefur fjölbreytni aukist í umönnun barna hjá samtökunum og þeim fjölgar SOS-fjölskyldunum sem búa utan barnaþorpanna. Yfirvöld víða um heim eru í auknum mæli að afstofnanavæða umönnun munaðarlausra barna, þ.e. leggja niður ýmisskonar fósturheimili, og jafnvel þó SOS Barnaþorpin séu andstæðan við fyrribærið *stofnun* fellur skilgreining á starfsemi SOS undir starfsemi stofnana í mörgum löndum víða um heim.

Það hefur alltaf verið einkenni SOS Barnaþorpanna að sjá munaðarlausum börnum fyrir persónulegri og fjölskylduvænni umönnun. Þær breytingar sem samtökum eru að ganga í gegnum fela í sér að fjölskyldur flytjast inn í almenn íbúðahverfi en heyra þó áfram undir starfseiningar SOS Barnaþorpanna sem sjá um rekstur hverrar fjölskyldu. Sjálf barnaþorpin og sambærilegar starfseiningar eru 568 talsins.

Í hvað fer framlag SOS-foreldra?

Framlag SOS-foreldra fer í framfærslu og velferð styrktarbarnsins. SOS-foreldrar geta einnig gefið barninu peningagjafir inn á framtíðarrekning sem barnið fær þegar það yfirgefur þorpið og fer að standa á eigin fótum. Sú fjárhæð rennur óskert til barnsins. Algengt er að slíkar gjafir nýtist í áframhaldandi nám, útborgun í íbúð eða kostnað við að koma á laggirnar atvinnurekstri. Heildarupphæð framtíðargjafa frá íslenskum SOS-foreldrum á árinu var um 15,5 milljónir króna.

Barnaþorpsvinir

SOS-barnaþorpsvinur er önnur leið til að verða mánaðarlegur styrktaraðili. Barnaþorpsvinir styrkja eitt ákveðið barnaþorp úti í heimi með mánaðarlegu framlagi sem nemur 3.400 krónum. Framlagið fer í að greiða ýmsan kostnað við daglegan rekstur þorpsins svo tryggja megi



öryggi og velferð þeirra barna sem þar búa. Rekstur barnaþorps felst m.a. í uppbyggingu, viðhaldi og almennri starfsemi þorpsins. Barnaþorpsvinir fá tvisvar á ári senda skýrslu um lífið í barnaþorpinu og helstu viðburði sem þar hafa átt sér stað.

Fjölskylduvinir

SOS Barnaþorpin líta svo á að best sé fyrir börn að alast upp hjá kynforeldrum sínum og systkinum. Því miður eru aðstæður fjölmargra fjölskyldna þó slíkar að foreldrar neyðast til að láta börnin frá sér, tímabundið eða varanlega. Fjölskylduefling SOS er svar SOS Barnaþorpanna við slíkri neyð og eru þessi verkefni fjármögnum annars vegar með stuðningi utanríkisráðuneytisins og fyrirtækja og hins vegar með framlögum mánaðarlegra styrktaraðila sem nefnast *SOS-fjölskylduvinir*. Þeir styðja við verkefnið með mánaðarlegu framlagi að eigin vali frá 1000 krónum og upp úr.

Markmið fjölskyldueflingar SOS er að forða börnum frá aðskilnaði við illa stadda foreldra sína með því að efla foreldrana til sjálfstæðis. Skjólstæðingar Fjölskyldueflingar eru illa staddir barnafjölskyldur og er þeim hjálpað að koma undir sig fótunum og mæta grunnþörfum barnanna. SOS Barnaþorpin vinna í nánu samstarfi við samfélög, samstarfsaðila og yfirvöld á hverju svæði fyrir sig í þessum tilgangi. Þegar nauðsynlegt þykir og talið er vera í hag barnsins er gripið til næstu möguleika sem eru að barnið alist annað hvort upp hjá fósturfjölskyldu eða SOS-fjölskyldu í barnaþorpi.

SOS Barnaþorpin á Íslandi fjármagna fjölskyldueflingu í þremur löndum í Afríku. Frá árinu 2018 í Eþíópiú og árið 2021 var verkefnið framlengt út árið 2023. Á árinu hófst svo undirbúningur að slíkum verkefnum í Malaví og Rúanda. Í hverju landi eru skjólstæðingar um það bil 1.600 börn, ungmenni og illa staddir foreldrar þeirra.


Svipaður fjöldi mánaðarlegra styrktaraðila

Stuðningur Íslendinga við umkomulaus börn í gegnum SOS Barnaþorpin er eftirtektarverður í aðildarlöndum SOS og fyllir það okkur stolti og þakklæti. Fimpta árið í röð eru mánaðarlegir styrktaraðilar fleiri en tíu þúsund. SOS-foreldrum fjölgæði um 21, Barnaþorpsvinum fækkaði um 20 og fjölskylduvinum fækkaði um 42. Sem fyrr skipti desembermánuður sköpum en í þeim mánuði fjölgæði SOS-foreldrum um 129.

Mánaðarlegir styrktaraðilar á Íslandi í lok árs 2021

Mánaðarlegir styrkir	Fjöldi	Breyting
Styrktarbörn SOS-foreldra	8.725	+21
Barnaþorpsvinir	579	-20
Fjölskylduvinir	1.089	-42
Alls	10.393	-41

Stöðug fjölgun mánaðarlegra styrktaraðila var til ársins 2019 en þá tók að hægja á henni í kjölfar falls flugfélagsins WOW air og heimsfaraldursins sem fylgdi á eftir.



1. júlí 2021, hófst formlega alþjóðlegt milljarðasamstarf SOS Barnaþorpanna og Heimstaden sem markar ákveðin tímamót því það stórbætir ekki aðeins alþjóðlegt hjálparstarf samtakanna í þágu umkomulausra barna heldur gerir SOS á Íslandi líka kleift að fjármagna íslensk verkefni í þágu barna í fyrsta sinn. Heimstaden er evrópskt íbúðaleigufyrirtæki og gengur samstarfið undir nafninu "A Home for a Home". Fyrir hvert heimili í íbúð Heimstaden, gefur fyrirtækið 100 evrur til SOS Barnaþorpanna árlega. Heimstaden styrkir á fyrsta ári samstarfsins yfir 30 verkefni SOS Barnaþorpanna í 19 löndum, þar á meðal fjölskyldueflingu, umönnun barna og atvinnustuðning við ungmanni.

Þetta gerir rúmlega 1,6 milljarða íslenskra króna til SOS Barnaþorpanna í 19 löndum á fyrsta samstarfsárinu. Við upphaf samstarfsins átti Heimstaden yfir 110.000 íbúðir víðsvegar um Evrópu, og eftir því sem fyrirtækið vex mun framlagið hækka.

24 milljónir vegna SOS á Íslandi

Við upphaf samstarfsins átti Heimstaden á Íslandi yfir 1600 íbúðir og því er styrkurinn á fyrsta árinu 24 milljónir króna fyrir íslenska eignasafnið. Hluta af þeiri upphæð er varið í tvö verkefni í þágu barna á Ásbrúarsvæðinu. Þetta markar tímamót í 32 ára sögu starfsemi SOS Barnaþorpanna á Íslandi sem geta nú með aðkomu Heimstaden, í fyrsta skipti stutt við verkefni í þágu barna hér á landi.

„Markmiðið er að skapa vettvang sem styrkir félagslegt net barna og ungmenna og stuðlar að þroska og heilbrigði. Það hefur sterkt fyrirbyggjandi gildi að börn hafi afþreyingu í nærumhverfi sínu og vettvang til útvistar og að rækta vináttu,” segir Gauti Reynisson, framkvæmdastjóri Heimstaden á Íslandi.

Styrkur Heimstaden fjármagnar einnig þrjú erlend verkefni í þágu barna sem eru á ábyrgð SOS á Íslandi. Það eru atvinnuhjálp ungmannna í Sómalíu og Sómalílandi, baráttuverkefni gegn kynferðislegri misneytingu á börnum í Tógó og fjölskyldueflingu í Rúanda.



Verkefnisteymi SOS og Heimstaden á Íslandi.

Annar stuðningur

Hæsti styrkur stjórnvalda frá upphafi

SOS Barnaþorpin á Íslandi gerðu á árinu styrktarsamninga til þriggja ára að virði 137 milljóna króna við Utanríkisráðuneytið vegna framlenginga á tveimur verkefnum. Þetta er hæsti styrkur sem samtökin hafa fengið frá íslenskum stjórnvöldum og mun hann nýtast við fjölskyldueflingu í Epíópiú og atvinnuhjálp ungmenna í Sómalíu og Sómalílandi.

Erfðagjafir

Erfðagjafir hafa gert SOS Barnaþorpunum kleift að hjálpa mun fleiri munaðarlausum og yfirgefnum börnum en ella. Slík gjöf getur haft gríðarlegan ávinning fyrir börnin sem njóta góðs af og sá sem gefur gjöfina tekur sjálfur ákvörðun um ráðstöfun eigna sinna í stað þess að eftirláta öðrum þá ákvörðun. SOS Barnaþorpunum á Íslandi bárust tvær erfðagjafir á árinu samtals að upphæð 9,3 milljónum króna.



Svanhildur Jónsdóttir fæddist í Sandgerði 8. nóvember 1942 og bjó þar lengst af. Árið 2018 greindist hún með alzheimer og lést þann 4. ágúst 2020. Svanhildur studdi allt sitt líf þá sem þurftu á stuðningi að halda og var hún velgjörðarmaður fjölmargra hjálparsamtaka og líknarfélaga. Hún gerði erfðaskrá og arfleiddi mörg hjálparsamtök að verulegum hluta sinna eigna. Hún erfði SOS Barnaþorpin að tæpum fjórum milljónum króna sem verður ráðstafað að ósk hennar, í þágu bágstaddra barna.



Kolbrún Hjartardóttir, kennari og sagnfræðingur, lést 28. febrúar. Kolbrún létt sig varða velferð barna og hafði hún ákveðið að ráðstafa þriðjungi af arfi sínum til starfsemi í þágu þeirra. Hún erfði SOS Barnaþorpin á Íslandi að rúnum 5,3 milljónum króna sem verður vel varið í þágu varnarlausra barna í Malaví, þar sem arfleifð Kolbrúnar mun lifa áfram. Þar fjármögnum við fjölskyldueflingu sem stuðlar að því að forða börnum frá aðskilnaði við illa stadda foreldra sína.

Góðgerðarbólur Rúriks

SOS Barnaþorpin á Íslandi fengu 1,7 milljónir króna frá 66°Norður. Upphæðin er ágóði af sölu á SOS-bolnum sem hannaður var í samstarfi við Rúrik Gíslason, velgjörðarsendiherra SOS, og seldur var í verslunum 66°Norður í desember 2020. Þetta er annað árið í röð sem Rúrik hannað góð-gerðarból fyrir SOS og seldist bolurinn upp bæði árin. Styrktarupphæðin rennur til verkefnis okkar í Tógó sem miðar að því að draga úr kynferðislegri misnotkun á börnum þar í landi.



Ragnar Schram framkvæmdastjóri
SOS tók við framlagi Rúriks.

Þróunar-,mannúðar- og neyðarverkefni

SOS Barnaþorpin eru í grunninn ekki neyðarhjálparsamtök, en undanfarin ár hafa ítrekað orðið hamfarir af ýmsu tagi nálegt starfsstöðvum SOS, enda útbreiðsla samtakanna mjög mikil. Með áratuga reynslu og öfluga stuðningsaðila kemur því ekki annað til greina en að veita neyðaraðstoð í slíkum tilvikum. Leggja samtökin mesta áherslu á að hjálpa þeim börnum sem misst hafa eða orðið viðskila við foreldra sína í hamförunum. Samtökin halda einnig úti þróunarverkefnum í þágu barna og ungmenna.

Verkefni 2021

- Neyðaraðstoð til SOS á Haítí vegna jarðskjálfta.
- Verkefni gegn kynferðislegri misneytingu á börnum í Tógó
- Atvinnuefling ungmenna í Sómalíu og Sómalílandi
- Neyðaraðstoð til Beirút í Líbanon vegna sprengingar árið 2020
- Styrkur vegna fjölskyldueflingar SOS í Botsvana

Þeir styrktaraðilar SOS Barnaþorpanna á Íslandi sem greiða frjáls framlög og valkröfur í heimabanka taka þátt í fjármögnun bessara verkefna. Sérstök neyðarsöfnun var sett í gang eftir mannskæðan jarðskjálfta á Haítí 14. ágúst. Samtals söfnuðust 1.166.690 króna og SOS á Íslandi bætti við tveimur milljónum króna úr neyðarsjóði og er fjárhæðin nýtt í neyðaraðgerðir SOS á Haítí. Á árinu var einnig send fjárhæð til SOS í Líbanon að upphæð kr. 1.736.200 króna í neyðarðastoð vegna sprengingar í Beirút árið 2020.

Fræðslumál



Sólblómaleikskólar

Yfir 20 leikskólar víðsvegar um landið eru SOS Sólblómaleikskólar sem felst í því að leikskólinn styrkir eitt ákveðið barn í SOS barnaþorpi, eitt ákveðið barnaþorp eða styrkir samtökin á annan hátt, t.d. með söfnun. Þá fá Sólblómaleikskólar tilbúið efni frá SOS Barnaþorpunum, til að mynda veggspjöld þar sem mismunandi lönd eru kynnt og saga ákveðinna barna í barnaþorpurum sögð, stutmyndir, sólblómafræ til að sá og margt fleira. Fræðsluefnið stuðlar að því að börnin á Sólblómaleikskólum öðlist þekkingu á aðstæðum barna í öðrum löndum. Börnin fræðast um önnur lönd og aðra menningarheima og læra hversu mikilvægt það er að bera virðingu fyrir öðrum þó svo að lifnaðarhættir og aðstæður séu öðruvísi en þau þekkja í sínu umhverfi. SOS Barnaþorpin bjóða upp á kynningar í Sólblómaleikskólum (bæði fyrir börn og starfsfólk/foreldra) og geta einnig tekið þátt í hátíðum og söfnunum sem leikskólinn stendur fyrir.

Öðruvísi jóladagatal

SOS á Íslandi stóð fyrir Öðruvísi jóladagatali sjötta árið í röð og hefur það aðallega verið fyrir nemendur í grunnskólum landsins. Árið 2020 var þó tekin ákvörðun um að opna dagatalið fyrir öllum vegna heimsfaraldursins og tókst það svo vel til að ákveðið var að endurtaka leikinn núna.

Jóladagatalið er öðruvísi að því leytinu til að í stað þess að börnin opni glugga og fái gjöf eða súkkulaðimola að launum þá leggjum við áherslu á fræðslu og að gefa af okkur. Nýtt myndband birtist á hverjum degi á aðventunni og í hverjum glugga leyndist stutt myndband þar sem börn gægðust inn í heim barna frá ýmsum löndum. Þá hvetjum við börnin til að vinna létt verkefni heima við og fá smá aur að launum. Öll framög sem söfnuðust fara í fjölskyldueflingu SOS Barnaþorpanna í Malaví. Í þetta sinn söfnuðust um 700 þúsund krónur.

Ársreikningur er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og endurskoðandi samtakanna er Ernst & Young. Á vefsíðu okkar er ársreikningur birtur og höfum við gert slíkt til margra ára í því skyni að tryggja bæði eftirlit og gagnsæi. Ársreikning og ársskýrslu má finna á heimasíðu okkar sos.is. SOS Barnaborpin leggja mikið upp úr gagnsæi í fjármálum og kappkosta að upplýsa styrktaraðila um alla þætti starfsins, þ.m.t. hvernig framlögum þeirra er ráðstafað og hve stór hluti þeirra fer í umsýslu.

Rekstrarkostnaður á árinu var 17,6% sem er vel fyrir neðan viðmið okkar um 20% þak. Þetta þýðir að á árinu 2021 runnu 824 krónur af hverju eitt þúsund króna framlagi í sjálft hjálparsstarfið. Þetta er smávægileg lækkun á rekstrarkostnaði frá árinu 2020 þegar 813 krónur af hverjum eitt þúsund skiluðu sér í hjálparsstarfið. Í árslok 2021 átti eftir að ráðstafa 6% af heildarframlögum í verkefni eða annað hjálparsstarf.

Þitt framlag

Þegar SOS-foreldri eða SOS-barnaþorpsvinur greiðir framlag til SOS Barnaþorpanna ábyrgjumst við að 85% fari í framfærslu styrktarbarnsins eða til barnaþorpsins. 15% af umsýslukostnaði er m.a. ráðstafað í eftirlit, öflun nýrra styrktaraðila og þjónustu við núverandi. Af framlagi SOS-fjölskylduvina fara að lágmarki 80% í fjölskyldueflinguna sjálfa en 20% í utanumhald. Ástæðan fyrir hærri umsýslukostnaði í fjölskyldueflingu er að eftirlit með þeim verkefnum er flóknara en þar náum við til fleiri barna á verkefnatímanum.

Bókhald á hverju heimili

Áætlanir eru mikilvægar til að samtökin viti um kostnað í hverju landi og því þarf hver SOS móðir/faðir í barnaþorpi að gera áætlun um útgjöld. Þannig vitum við hversu miklu þarf að safna fyrir viðkomandi fjölskyldu. Styrktarforeldrar (SOS-foreldrar) greiða kostnað við upphald barnanna og rekstur heimilisins. Allir reikningar sem SOS móðir/faðir greiðir eru færðir í bókhaldskerfi.

Hvaða leið fer fjármagnið?

Þegar styrktaraðili á Íslandi gefur vilyrði fyrir styrk er framlagið merkt viðkomandi styrktarbarni, barnaþorpi eða verkefni. Í hverjum mánuði eru upplýsingar um hversu háa upphæð við höfum vilyrði fyrir frá styrktaraðilum settar í miðlægt kerfi samtakanna í Austurríki. Barnaborpin senda upplýsingar um fjárbörf út frá sínum áætlunum inn í kerfið og eru þessar upplýsingar keyrðar saman. Þegar fjármagnið er komið á bankareikning SOS á Íslandi er það millifært til alþjóðaskrifstofu SOS Barnaþorpanna innan sex mánaða.

Er hætta á spillingu?

Þrátt fyrir gagnsæi og að ferlar séu til staðar verður hættu á misferli ekki útrýmt. En með öllum þeim aðgerðum sem framkvæmdar eru, er verið að lágmarka áhættu eins og kostur er. Í siðareglum SOS Barnaþorpanna er skýrt tekið fram að spilling verður aldrei liðin innan samtakanna. Við störfum m.a. í löndum þar sem spilling er hluti af efnahagskerfinu og jafnvel hluti af menningunni. Slíkt flækir störf samtakanna þar sem við gerum ríka kröfu um heiðarleika. Tækniframfarir hafa gert okkur kleift að rekja framlögin betur en áður, í hvert barnaþorp og til hvers barns. Við höfum lent í því að skrifræðið hefur hægt á umbótum en þrátt fyrir það höldum við okkar striki og gefum engan afslátt af eftirliti.

Lykiltölur



8.725 börn

hafa íslenska styrktarforeldra



10.163 aðilar

styrktu starf SOS Barnaþorpanna
með mánaðarlegu framlagi 2021



696 fyrirtæki


styrktu SOS Barnaþorpin á árinu 2021



21.523 einstaklingar

styrktu SOS Barnaþorpin á árinu 2021

Skipting framlaga til SOS Barnaþorpanna árið 2021





Tekur árið 2021

669,4
milljónir króna

Gjöld árið 2021

629,2
milljónir króna

Skipting tekna 2021 í milljónum króna	
Tekjuliður	m. kr
Framl. SOS-foreldra og barnaþorpsvina	415,3
Gjafir til barna og barnaþorpa	15,5
Fjölskylduvinir, mánaðarleg framlög	17,4
Frjáls framlög og fjáraflanir	100,1
Fyrirtækja- og stofnanaframlög	25,1
Erfðagjafir	9,3
Opinber framlög	40,0
Húsaleigutekjur	2,5
Vaxta, fjárm.tekjur og gengishagnaður	44,1
SAMTALS	669,4

Skipting gjalda 2021 í milljónum króna	
Gjaldaliður	m. kr
Framlög til barnaþorpa	353,0
Gjafir til styrktarbarna og þorpa	15,5
Framlag til SOS International	74,0
Stuðningur vegna verkefna	30,1
Opinber ráðstöfun til verkefna	39,0
Tilkostnaður vegna fjáraflana	22,4
Rekstur fasteignar	1,9
Laun og launatengd gjöld	63,3
Kynningar- og markaðsmál	7,9
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	17,8
Afskriftir	4,2
SAMTALS	629,2

Ítarlegra yfirlit um fjármál SOS Barnaþorpanna á Íslandi má sjá í ársreikningnum sem einnig er aðgengilegur á heimasiðunni sos.is.

SOS fólk ið á Íslandi 2021

Starfsemi SOS Barnaþorpanna á Íslandi miðar að því að afla styrktaraðila fyrir hjálparstarf samtakanna í yfir 100 löndum í Mið- og S-Ameríku, Afríku, Asíu og A-Evrópu. Einnig er þjónusta við styrktaraðila stór og mikilvægur þáttur í starfseminni hér á landi.

Á skrifstofu SOS á Íslandi starfa átta manns, fjórir í fullu starfi en fjórir í hlutastörfum. Stöðugildi hjá SOS Barnaþorpunum voru að meðaltali 5,8 á árinu 2021 en voru 5,1 árið 2020.

Lagabreyting tók gildi hjá SOS Barnaþorpunum á Íslandi sem gerir mánaðarlegum styrktaraðilum kleift að skrá sig sem félaga í samtökunum. Félagar greiða 2.500 króna árgjald og öðlast rétt til að sitja aðalfundi, bjóða sig fram til stjórnar og kjósa á aðalfundi. Breytingin fól m.a. í sér að fulltrúaráð SOS var lagt niður og hafa aðildarfélagar nú tekið yfir hlutverk þess.

Starfsfólk:

Ragnar Schram, framkvæmdastjóri

Rakel Lind Hauksdóttir, fjármála- og fjárlunarstjóri

Hans Steinar Bjarnason, upplýsingafulltrúi

Helga Bára Bragadóttir, sérfræðingur í 35% starfi

Katrín Guðlaugsdóttir, þjónustufulltrúi

Auður Ösp Gylfadóttir, þjónustufulltrúi í hálfu starfi

Hjörðís Rós Jónsdóttir, fræðslufulltrúi í hálfu starfi

Þorsteinn Garðarsson, verktaki, kerfisfræðingur frá Textor ehf

Sigurlaug Halldórsdóttir, bókari í 10% starfi

Stjórnarmeðlimir:

Kristján P. Davíðsson, formaður

María F. Rúriksdóttir

Ólafur Örn Ingólfsson

Hildur Hörn Daðadóttir, varamaður

Ingibjörg Elísabet Garðarsdóttir, varamaður

Velgjörðasendiherrar SOS Barnaþorpanna á Íslandi

Eliza Reid

Hera Björk Þórhallsdóttir

Rúrik Gíslason

Vilborg Anna Gissurardóttir

Ungmennaráð SOS 2021

Elísabet Kristín K Kvaran

Embla Waage, ritari

Gabriella Bjarnadóttir, meðstjórnandi

Íris Torfadóttir, gjaldkeri

Jim Hólmsteinsson

Júlia Guðmundsdóttir, formaður

Kornelía Þöll M. Bjarnadóttir

Magnús Torfason, varagjaldkeri

Margrét Líf Jóhannesdóttir, vararitari

Rannveig Lilja Sigurðardóttir

Sara María Gunnarsdóttir

Stjórnarmeðlimir og velgjörðasendiherrar starfa í sjálfboðavinnu.

A close-up photograph of a young child with dark hair and brown eyes, smiling warmly at the camera. The child is wearing a bright orange t-shirt. The background is slightly blurred.

TAKK

21.523 ÍSLENDINGAR
og **696** fyrirtæki
fyrir stuðninginn árið **2021**



**SOS
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili